

Nd.

252. Nefndarálit

[83. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra um frv., og mæla þessir aðilar með sölunni. Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá á sama verði hlutfallslega og Reyðarfjarðarhreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Alþingi, 18. febr. 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.
	Ágúst Þorvaldsson.	